

**407. fundur**  
**Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,**  
**Þriðjudaginn 27. október 2009 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

**Fundargerð ritaði:** Ása Jónsdóttir

Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki. Gengið til dagskrár.

Guðni Ólafsson (GÓ) og Bragi Geir Gunnarsson (BGG), hringdu inn á fundinn og boðuðu að þeim myndi seinka til fundar ákveðið í samráði við þá að byrja fundinn.

**Dagskrá:**

**1. 0909014F - Félagsmálaráð - 37**

Fundargerðin staðfest einróma.

**2. 0909011F - Samráðsnefnd Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur - 18**

Oddviti leggur til að liður 7 verði tekinn fyrir á næsta fundi hreppsnefndar, samþykkt samhljóða. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

**3. 0909009F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 47**

Fundargerðin staðfest samhljóða.

**4. 0910022 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Fundargerðir stjórnar frá 26. ágúst, 3. september, 17. september og 25. september**

Lagt fram til kynningar.

**5. 0910021 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Þinggerð 54. Fjórðungspings Vestfirðinga, ársreikningur fyrir árið 2008 og kynningarbæklingar**

Fundarmenn lýsa ánægju neð nýtt fyrirkomulag, en mikilvægt er að upplýsingar berist sveitarstjórnarmönnum þegar gögnin eru komin á vefinn.

**6. 0909143 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 767. fundar stjórnar**

Lagt fram til kynningar.

**7. 0909139 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Bréf dagsett 22. september**

Lagt fram til kynningar.

**8. 0909115 - Hafnarsamband Íslands. Fundargerð 323. fundar**

Lagt fram til kynningar.

**9. 0910069 - Snorraverkefnið. Stuðningur við Snorraverkefnið sumarið 2010**

Fundarmenn telja verkefnið verðugt, en því er miður ekki hægt að sinna því eins og er. Samþykkt samhljóða.

**10. 0910068 - Þóroddur ehf. Fyrirspurn vegna umsóknar um fiskeldi í eldiskvíum í Tálknafirði**

Hreppsnefnd lítur verkefnið jákvæðum augum en áskilur sér meiri tíma til að afgreiða erindið, þar sem skv. lögum skulu gögn berast tveim sólarhringum fyrir fundardag, afgreiðslu frestað til næsta hreppsnefndarfundar. Í aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 er Suðureyri skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Samþykkt samhljóða.

**11. 0910067 - Ranglátur ehf. Bréf barst 23. október 2009**

Ragnláti ehf heimilað að nota byggðamerki Tálknafjarðarhrepps á minjagripum til sölu í verslun þeirra að Móatúni 20. Ranglátur ber allan kostnað af notkun merkisins. Samþykkt samhljóða.

**12. 0910066 - Lögreglustjórinn á Vestfjörðum. Eftirleitir og öræfaleit í Tálkna**

Oddvita falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.

**13. 0910048 - Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Beiðni um umsögn**

Hreppsnefndarmenn komi ábendingum til oddvita, sem síðan svarar erindinu. Samþykkt samhljóða.

**14. 0910044 - Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Úthlutun byggðakvóta fiskveiðiaríð 2009/2010**

Oddvita falið að sækja um byggðakvóta fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

**15. 0910031 - Listar yfir skipulagsfulltrúa, þá sem sinna skipulagsgerð og byggingafulltrúa.**

Lagt fram til kynningar.

**16. 0910029 - Skólaþing sveitarfélaga 2.nóvember 2009**

Lagt er til að oddviti og fulltrúi skólanefndar mæti á þingið. Samþykkt samhljóða.

**17. 0910020 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Starfshópur um tilflutning á málaflokki fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir tilnefnd sem fulltrúi Tálknafjarðarhrepps í starfshópinn.  
Samþykkt samhljóða.

**18. 0909109 - Einar Már Kristinsson. Umsókn um leyfi til kattahalds**

Samþykkt samhljóða.

**19. 0909106 - Staðfesting á meðfylgjandi samþykkt um búfjárhald.**

Beðið er umsagnar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og bændasamtakanna um frekari framvindu málsins. Lagt fram til kynningar.

**20. 0909104 - Landssamband Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna. Bréf dagsett 9. sept**

Verkefnið er þarft en því miður ekki hægt að taka þátt í því að sinni.  
Samþykkt samhljóða.

**21. 0909103 - Félagsmálaráðuneytið, Velferðarvaktin.**

Erindinu vísað til skólanefndar til kynningar.

**22. 0909102 - Bandalag íslenskra leikfélaga. Bréf dagsett 10. september**

Oddvita falið að skoða málið með skólastjóra og forstöðumanni íþróttahúss.  
Samþykkt samhljóða.

**23. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

Þessum lið var frestað skv. beiðni GÓ og BGG þar til þeir mættu á fundinn og sátu þeir einungis undir þessum lið.  
Oddviti lagði fram gögn er varða endurskoðun fjárhagsáætlunar og hreppsnefndarmenn beðnir að koma með ábendingar vegna þess fyrir næsta fund. Farið var yfir starfsmannamál vegna skipulagsbreytinga. Einnig er fyrirhugað að halda íbúáþing í nóvember með þátttöku atvinnuþróunarfélags. Fundur verður með samgönguráðherra og vegagerðinni þriðjudaginn 3. nóvember. Beiðni kom fram frá BB og BG um að fjárfesta í hljóðnema (headset) og tilheyrandi búnaði fyrir íþróttahús.

**24. 0910047 - Menntamálaráðuneytið. Notendabúnaður í íslensku skólastarfi**

Lagt fram til kynningar.

**25. 0910043 - Brunabót EBÍ, ágóðagreiðsla 2009**

Lagt fram til kynningar.

**26. 0910041 - Þjónustu- og þekkingarmiðstöð. Ráðgjafi í málefnum daufblindra tekur til starfa. Bréf dagsett 1. október**

Lagt fram til kynningar.

**27. 0910023 - Ályktun barnaheilla til ríkisstjórnar og sveitarfélaga.**

Lagt fram til kynningar.

**28. 0910019 - Vegagerðin. Samningur um veghald á þjóðvegum innan þéttbýlismarka**

Lagt fram til kynningar.

**29. 0909142 - UMFÍ. Bréf dagsett 21. sept**

Lagt fram til kynningar.

**30. 0909110 - Kvenfélagasamband Íslands. Ályktanir og áskoranir af 35. landsþingi**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.35**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____